

Rótarýklúbburinn Görðum - 6. fundur 16. september 2019

Í upphafi fundar lýsti Guðrún Högnadóttir fyrstu niðurstöðum könnunar á viðhorfi Rótarýfélaganna til félagsstarfsins. Mikill meirihluti þeirra sem þegar hafa svarið, eða yfir 90%, voru ánægðir með starf klúbbsins, tímasetning fundar var af flestum talin heppileg, ánægja var með matinn (80%), þótt einhverjir vildu jafnvel léttara fæði. Fundarstjórn var talin með ágætum. Einhverjir voru með uppástungu um breyttan fundarstað, eins og nýja veitingahúsið við Arnarnesvog. Þá var stungið upp á að samnýta fundi með Rótarýklúbbum Hofi.

Nýr félagi var tekinn inn í klúbbinn, **Baldur Ó. Svavarsson** arkitekt, og var honum fagnað með hefðbundnum hætti.

Gestur fundarins var **Haukur Hafsteinsson** hugbúnaðarsérfræðingur hjá Marel og fjallaði hann um sýndarveruleika (virtual reality) og viðbættan eða aukinn veruleika (augmented reality). Mikilvægur þáttur í starfsemi Marels er þróun nýjunga en með því er átt við að breyta hugmynd í nothæfa afurð sem viðskiptavinur getur fært sér í nyt. En við hönnun á flóknum vélum og búnaði getur verið dýrt og tímafrekt að smíða frumgerðir. Með *hermun og sýndarveruleiki gefst tækifæri til þess að herma allt frá litlum tækjum upp í heilu kerfin, prófa frumgerðir þeirra og sannreyna flæði og fá endurgjöf á hugmyndir. Blöndun raun- og sýndarveruleika opnar fyrir aukið upplýsingaflæði og prófanir í raunveruleikanum til að staðfesta hönnun.*

Við gerð hermílikana er að stofni til byggt á „game engines“ eða stýrikerfum þeim sömu og notuð eru við gerð tölvuleikja. Haukur sýndi nokkur dæmi um tilraunir af þessum toga. Eitt dæmið fólst í því að snúa við fiski sem kemur inn á færiband. Prófun í fullri stærð á hönnun af þessu tagi hefði tekið 4 til 8 vikur en með hermílikani mátti prófa ýmsar lausnir á 4 til 5 tímum. Er þá ótalinn kostnaðurinn sem sparadist við smíði „prótótýpu“ og öflun hráefnis.

Sömu aðferðum er beitt við uppbyggingu stórra og flóknari kerfa og þá má jafnvel tengja saman hermílikönnun og þær tölvur sem í raunveruleiknaum verða síðar notaðar, (augmented reality). Hugbúnaður tölvanna hefur þá verið fullreindur þegar að því kemur að vélin er smíðuð í reynd. Allir sem að málinu koma vita þá hvernig kerfið virkar. Allar misheppnaðar tilraunir sparast.

Aðspurður sagði Haukur að erfitt væri að verja hugvitið en hins vegar heldur Marel hermun á afurðum fyrir sig.

3ja mínútna erindið var í höndum Sveins Magnússonar og fjallaði hann um aukavaktir sem hann hefur tekið sem lækni og utan reglulegs vinnutíma þar sem lækni er kallaður til, til þess að úrskurða um ástand brotþola og/eða brotamanns þegar upp kemur morð, líkamsárás eða annarleg hegðun af einhverju tagi eins og vegna eiturfjaneyslu eða t.d. flogaveiki.

Á fundinn mættu 35 félagar þar af voru 6 án mætingarskyldu en aukamæting var 1. Þetta gerir 49% mætingu.